

daglegt líf

Þjálfar arfbera gamals handverks

Áhugafólk um byggingararfinn kemur á námskeið hjá Fornverkaskólunum í Skagafirði til að þúla við torfhleðslu.

Helgi Bjarnason kynnti sér starfsemi skólans og kom við á Tyrfingsstöðum.

Við erum komin með efni í arfbera. Þeir verða að sækja námskeið og halda sér við, til þess að geta miðlað þekkingunni til annarra,“ segir Sigríður Sigurðardóttir, safnstjóri Byggðasafns Skagafirðinga í Glaumbæ. Fornverkaskólinn í Skagafirði sem safnið á aðild að stendur fyrir námskeiðum um handverk við byggingararf Íslendinga, ekki síst við torf, grjót og timbur. Tilgangurinn er að miðla þekkingu á vinnubrögðum til næstu kynslóða.

Skólinn hefur einstæða aðstöðu til námskeiðahalds, gömlu torfhúsin á Tyrfingsstöðum á Kjálka. Ekki hefur verið búið í bænum í þrjátíu ár og þar eru allar gerðir af útihúsum úr torfi. Nemendur á námskeiðunum byggja bæinn upp.

Þurfa að vera rétt hugsandi

Helgi Sigurðsson, torfhleðslumaður á Stóru-Ökrum kennir á grjót- og torfhleðslunámskeiðunum. Hann var á Tyrfingsstöðum að kenna sautján þátttakendum í verkefninu „Arfleifðin afhjúpuð“, að rista torf og hlaða upp veggj fjárhúsanna. Venjulega eru fáir á námskeiðunum, ekki fleiri en sex, til þess að hægt sé að sinna hverjum og einum betur. „Við náðum að gera heilmikið,“ segir Helgi um evrópska verkefnið.

Þó nokkrir Íslendingar hafa þekkingu á vinnubrögðum við hleðslu grjót- og torfveggja, ekki síst eldri menn, en aðeins um tíu menn vinna við það að einhverju ráði. Helgi er einn þeirra en hann rekur fyrir-tækið Fornverk og hefur unnið mikið fyrir Þjóðminjasafnið að viðhaldi gamalla húsa. Síðasta stóra verkefni hans var að endurnýja sautján hús á Núpstað í Fljótshverfi.

„Það hefur verið lengi rætt um að reyna að koma þessu handverki til fleiri manna. Ég hef reynt markvisst að fá í vinnu menn sem hafa áhuga fyrir þessu,“ segir Helgi og bætir því við að námskeið Fornverkaskólans séu góð leið til þess að vekja áhuga á gamla handverkinu. „Menn sem fara í þetta þurfa að vera rétt hugsandi. Bera virðingu fyrir því sem fyrir er, leyfa því að halda sér sem hægt er og líkja eftir



Morgunblaðið/Helgi Bjarnason

Galdurinn að baki torfhleðslunni Peim fer aftur fjölgandi sem áhuga hafa á íslenska byggingararfinum. Helgi Sigurðsson torfhleðslumaður leiðbeinir erlendum áhugamönnum við hleðslu gamla fjárhúsa á Tyrfingsstöðum, en Helgi kennir bæði grjót- og torfhleðslu.



Kynning Fornverkaskólans er með hjálfunarbúðir á Tyrfingsstöðum. Sigríður Sigurðardóttir í Glaumbæ (t.v.) og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir á Hólum (t.h.) segja frá starfsemi. Á milli þeirra eru Bryndís Zoëga skráningarstjóri og Björg Baldursdóttir kennari.

því sem fyrir er þegar nauðsynlegt er að byggja upp á nýtt,“ segir hann.

Sömu sögu má segja um trésmíðina í íslensku torfbæjunum. Peim fer fækkandi sem hafa þekkingu á henni. Tveir menn sem lengi hafa unnið að viðhaldi gamalla húsa kenna við tréiðnaðardeild Fjölbautaskóla Norðurlands vestra og var það hin kveikjan að námskeiðahaldinu.

Torfbæir hafa varðveist betur

norðanlands en sunnan, líklega vegna veðurfars. Byggðasafn Skagafirðinga hefur í áratug safnað markvisst upplýsingum úr hleðsluleifum í héraðinu. „Það hefur margt farið á síðustu tíu árum en við höfum þó náð góðum upplýsingum um ýmis hleðsluafbrigði,“ segir Sigríður Sigurðardóttir.

Tyrfingsstaðir á Kjálka er einn þessara staða. Byggðasafnið hefur fengið afnot af húsum jarðarinnar fyrir námskeiðahaldið. Nemendur

S&S

Hvað er Fornverkaskóli?

Fornverkaskólinn í Skagafirði er á sínu öðru starfsári. Að honum standa Byggðasafn Skagafirðinga, Fjölbautaskóli Norðurlands vestra og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum. Fornverkaskólinn heldur námskeið í hleðslu torf- og grjótveggja, grindar- og gluggasmíði og vinnslu reka- viðar. Alls hafa tæplega sextíu manns komið á þessi námskeið.

Um hvað snýst verkefnið Arfleifðin afhjúpuð?

Byggðasafn Árnesinga á aðild að

verkefninu „Unlocking Hidden Heritage“ (Arfleifðin afhjúpuð) ásamt félögum og stofnunum í fimm öðrum Evrópulöndum. Verkefnið er á sviði þjóðfræði og fornleifafraði. Þátttakendur fara milli landanna til að kynna sér gamla verkþekkingu sem er að glatast. Þeir hafa meðal annars unnið við þakskífugerð í Slóvakíu, körfugerð á Kýpur og tjörugerð í Þýskalandi, auk torfhleðslu á Íslandi. Verkefninu lýkur með útgáfu bókar þar sem reynsla hópsins er skráð.

Fornverkaskólans hafa hlaðið upp fjárhús og eru að vinna í öðrum. Þá er búið að mæla upp bæjarhúsin og aðeins byrjað að eiga við þau. Áætlað er að hlaða öll húsin upp á þremur árum.

„Við ætluðum að tyrfa upp litlu húsin og fá okkur kindur þegar Sirrý kom að þessu með sínum mikla krafti. Okkur leist vel á hugmyndir hennar og þetta skemmtilega verkefni,“ segir Sigurður Marz Björnsson á Sauðárkróki, sambýlismaður Kristínar Jóhannsdóttur sem á Tyrfingsstaði. Þau ætla að fá sér

kindur í fjárhúsin sem búið er að hlaða upp og þannig hefst búskapur á Tyrfingsstöðum að nýju næsta sumar. Landeigandinn fær húsin þegar nemendur Fornverkaskólans hafa lokið sér af en Sigurður segir óvíst um notkun bæjarhúsanna að viðgerð lokinni.

Helgi og Sigríður eru ánægð með námskeiðin og eru vongóð um að þau skili tilætluðum árangri. „Þetta er allt úrvalsfólk, sem hefur komið. Menn leggja sig ekki eftir þessu nema hafa mikinn áhuga,“ segir Helgi Sigurðsson. helgi@mbl.is